

# Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 35. stjórnarfundar, haldinn 6. júní, 2024 í Borgartúni 26, kl. 10:00-12:20.

Mætt voru: Óskar Jósefsson, Örn Viðar Skúlason, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagný Lís Davíðsdóttir sat fundinn og Aron Ágústsson undir liðum 3-5.

## Dagskrá fundar:

### 1. Fundargerð

Fundargerð 34. fundar samþykkt.

### 2. Skýrsla framkvæmdarstjóra

Á fundinum sagði framkvæmdastjóri frá stöðu mála í verkefninu. Alls hafa borist 856 umsóknir til félagsins. Stjórn hefur samþykkt 750 umsóknir. Búið að þinglýsa 661 samningi og greiða kaupsamningsgreiðslu í tilviki 658 samninga. Alls hafa 32. 8 ma. kr. verið greiddar út til seljenda og lán yfirtekin fyrir 16,3 ma. kr.

Framkvæmdastjóri fór yfir tímalínu verkefnisins, yfirlit yfir kostnað, umfang og fjárhagsramma.

### 3. Tillaga framkvæmdastjóra um aðferðafræði við kaup á búseturétti

Framkvæmdastjóri rakti stöðu vinnunnar við kaup á búseturétti hjá Búmönnum. Tillaga að fyrirkomulagi og viðmiðum við kaupin liggur fyrir og gerði framkvæmdastjóri grein fyrir henni.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Búmenn á grunni þeirrar tillögu sem framkvæmdastjóri kynnti.

### 4. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup fasteigna –

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um afgreiðslu á fjórum umsóknum. Í öllum tilvikum er um að ræða eignir sem félagið lét skoða sérstaklega af fagaðila vegna ástands þeirra á myndum.

Þrjár af eignunum eru enn á byggingarstigi en þó mjög langt komnar. Eftir skoðun á umsóknunum voru kaup á þeim samþykkt, kaupverð miðað við 95% af fyrirbyggjandi brunabótamati, með þeim fyrirvörum að umsækjendur eigi lögheimili í eigninni og að gengið verði úr skugga um að félagið hafi ekki þegar keypt eign af seljendum.

Ein eign var skoðuð vegna aldurs og lélegs ástands á myndum. Umsókn samþykkt miðað við fyrirbyggjandi gögn og með þeim fyrirvara að seljandi eigi lögheimili í húsinu og hafi ekki áður selt eign til félagsins.

Afgreiðsla stjórnar var færð í vinnuskjal stjórnar.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um úrlausn á afgreiðslu á tveimur umsóknum sem stjórn hafði þegar samþykkt. Í báðum tilvikum er um að ræða þinglýstar veðkröfur, sem ekki eru vegna húsnæðiskaupa, en frumrit af veðskuldabréfi finnast ekki. Að sögn umsækjenda er í báðum tilvikum um að ræða uppgreidd lán en aflýsing hefur farist fyrir. Samþykkt að viðhafa það verklag í þessum tilvikum að við kaupsamningsgerð verði haldið eftir fjárhæð sem nemur andvirði lánanna.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um afgreiðslu á einni umsókn. Um er að ræða frávikumsókn þar sem umsækjandi átti ekki lögheimili í eigninni 10. nóvember sl. Samþykkt að senda umsækjanda fyrirspurnarbréf þar sem óskað er eftir upplýsingum um það hvaða tímabundnu aðstæður skýra að lögheimili var ekki skráð í eigninni.

### 5. Önnur mál

Framkvæmdastjóri greindi frá stöðu á vinnu við hugmyndir að útfærslu á því að Grindvíkingar taki hið selda hús „í föstur“ með samningi við félagið. Rætt um að fara í vinnuferð til Grindavíkur í lok júní. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa ferðina og boða hana.

Ákveðið að halda næsta fund 12. júní kl. 11:00-13:00  
Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 12:20.

Ólafur Jóhannsson  
Lindinn þorleifsdóttir  
Ólafur Jóhannsson

Ólafur Jóhannsson